



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

555. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 3. apríl 2023
og hófst hann kl. 11:30.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Forvarnir og geðrækt hjá unglingum-Sóknaráætlun 2022 - 2203001

Skýrsla starfshóps um verkefnið "Forvarnir og geðrækt hjá ungmönnum á höfuðborgarsvæðinu", dags. 20. desember 2022, var lögð fram til kynningar á 553. fundi stjórnar.

Starfshópurinn var skipaður Stellu Björg Kristinsdóttir fagstjóra frístundastarfs og forvarna hjá Hafnarfirði, Kára Jónssyni íþróttá-, tómsunda- og forvarnarfulltrúa Garðabæjar, Amöndu K. Ólafsdóttur deildarstjóra frístundadeildar - menntasviði Kópavogs, Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur verkefnastjóra á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, Baldri Pálssyni sviðsstjóra fjölskyldusviðs Seltjarnarness og Eddu Davíðsdóttur, forvarna- og tómsundafulltrúa hjá Mosfellsbæ. Þau eru gestir fundarins og Amanda K. Ólafsdóttir kynnrir efni skýrslunnar.

Gestir

Edda Davíðsdóttir

Baldur Pálsson

Stella B. Kristinsdóttir

Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Kári Jónsson

Amanda K. Ólafsdóttir

Niðurstaða:

Stjórn tekur undir þá ályktun skýrslunnar að framhald skuli verða á þeirri samvinnu og samráði sem sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa staðið að og er framkvæmdastjóra falið að kalla starfshópinn saman að nýju til fundar. Verkefni hans verði fyrst og fremst að útfæra nánar aðgerðaáætlun á grundvelli fyrirliggjandi tillagna.

2. Samgöngusáttmálinn - Aðalfundur Betri samgangna ohf. - 2003010

Aðalfundur Betri samgangna ohf. verður haldinn 19. apríl nk. Gert er ráð fyrir að þrír stjórnarmanna séu skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar SSH og með vísan



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

til 1. mgr. 63. gr. a í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að tilnefningar í stjórn berist félaginu í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund, þ.e. 14. apríl nk., en formlegrar tilnefningarbeiðni er að vænta á næstu dögum.

Niðurstaða:

Af hálfu SSH eru eftirfarandi tilnefnd til stjórnar Betri samgangna ohf.:

- 1. Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogs.*
- 2. Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sem jafnframt er tilnefnd sem varaformaður Betri samgangna ohf.*
- 3. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.*

Varamaður: Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Í stýrihópi Samgöngusáttmálans sitja fyrir hönd SSH Regína Ásvaldsdóttir formaður SSH, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur og Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs.

3. Stofnun Áfangastaðastofu - 2209012

Tilnefna þarf sex einstaklinga af hálfu SSH til setu í stefnuráði Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. og gerð er tillaga um eftirfarandi:

Andri Ómarsson
Gísli Brynjólfsson
Hulda Hauksdóttir
Lovísa Jónsdóttir
María Björk Óskarsdóttir
Sverrir Kári Karlsson

Niðurstaða:

Samþykkt

4. Stefnuráð byggðasamlaganna - 2111014

Umræður vegna næsta fundar Stefnuráðs byggðasamlaganna sem fram fer 4. apríl nk.

Niðurstaða:

Umræður

5. Önnur mál - 2110011

Að beiðni bæjarstjóra Kópavogs eru til umræðu kynningarmál tengd samræmdri úrgangsflokkun, sbr. mál nr. 2104006. Lagt er til að fengin verði frekari kynning á málinu á næsta fundi stjórnar hinn 17. apríl nk.

Niðurstaða:

Umræður



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45.